



Sálfræðingafélag Íslands
(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Alþingi
Erindi nr. P 143/327
komudagur 21.11.2013

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 21. nóvember 2013

Umsögn um þingskjal 89, tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar.

Stjórn Sálfræðingafélags Íslands fagnar tillögu flutningsmanna um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar.

Varðandi tillöguna vill stjórnin undirstrika eftirfarandi, án þess að fara ofan í smáatriði í tillögunni.

- Sérfræðipjónusta skóla (á vegum sveitarfélaga) veitir leik- og grunnskólabörnum frumpjónustu í geðheilbrigðismálum. Sama hópi er einnig að hluta til sinnt með sérhæfðum úrræðum á vegum heilsugæslunnar, svo sem Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- Í mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar er lykilatriði að leggja áherslu á notkun klínískra leiðbeininga við greiningu og meðferð, auk gagnreyndra meðferða, til að tryggja bestan árangur og mesta hagkvæmni.
- Geðheilbrigðisstefna og aðgerðaáætlun þarf að fjalla um alla aldurshópa, allt frá ungum börnum til háaldraðs fólks.
- Í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun þarf að leggja áherslu á náið samstarf og samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Til að tryggja markvissasta geðheilbrigðisstefnu er aðkoma allra heilbrigðisstétta sem vinna að geðheilbrigðismálum nauðsynleg.

Fulltrúar stjórnar félagsins eru að sjálfsögðu tilbúnir til að útfæra ofangreinda þætti og ræða mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun á fundi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Sálfræðingafélags
Íslands

Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri